

Áætlun kostnaðar vegna óframkominna/óbókaðra reikninga vegna lokunar AP

Þegar lokað er fyrir undirkerfi AP (sem og AR) samkvæmt vinnslu- og skiladagaplan þarf ábyrgðaraðili fjárlagaliðar að greina fjárhag og framkvæma bókun áætlun á óframkomnum kostnaði eða tekjum sem tilheyra fjárhagstímabili sem verið var að loka og láta færa áætlunarfærslu til þess að sýna rétta mynd.

Hvaða áhrif hefur það og hvað á stofnun að gera?

- Við lokun AP stýrast allir reikningar sem tilheyra eldri tímabilum (2024) á næsta tímabil (janúar 2025).
- Bókhaldspjónustan mun snúa þessari bókun við með bakfærslu 1. janúar 2025. (Stofnanir utan bókhaldspjónustu ættu að haga ferli með sama hætti en sjá um eigin bókanir)
- Síðasti bókunardagur er 31. janúar 2025 fyrir árið 2024 (aðeins bókað ef mótttekið fyrir þá dagsetningu)
- Gert er ráð fyrir bókunum á gjaldategund 55991 nema annað sé sérstaklega skilgreint í millifærslubeiðni og skuldfært verður á tegund 22754.

Afrit af eyðublað fyrir millifærslubeiðni vegna gjaldfærslu óframkominna gjalda sem tilheyra árinu en náðust ekki í bókun fyrir lokun AP er vistað í „attachments“ hér fyrir neðan.

Ætlast er til í öllum tilfellum að **forstöðufólk** ríkisaðila eða aðrir með fjárhagslega ábyrgð á fjárlagaliðum geti dregið fram **rökstuðning** fyrir öllum þeim fjárhæðum sem bókaðar verða í millifærslubeiðni þessari, t.a.m. gagnvart Ríkisendurskoðun, berist þeim fyrirspurn vegna millifærslu í bókhaldi.

Með beiðninni skal skila inn öllum viðeigandi stuðningsgögnum en Fjársýslan tekur ekki að sér að rýna í þau skjöl enda á ábyrgð stofnunar að draga fram og rökstyðja.

Þegar stofnanir áætla fyrir óframkomnum gjöldum **er ætlast til** þess að þau bóki og gjaldfæri raun reikninga þegar þeir berast enda er þessi færsla ekki til þess fallin að leysa raunverulegan reikning til bókunar (sjá dæmi fyrir neðan).

Dæmi

Áætluð fjárhæð stofnunar xx-xxx er 1.000.000 kr. vegna óframkominna gjalda sem tilheyra árinu 2024, þeim snúið við með bakfærslu 1.janúar og reikningur frá birgja berst í janúar 2025.

Þetta eru áhrif í bókhaldi vegna færslanna (sjá mynd)

Gjöld	12-25	01-26	dags atb.
Áætluð óframkomin gjöld	1.000.000		31.12.2025
Bakfærsla á óframkomnum áætluðum gjöldum		-1.000.000	1.1.2026
Raun reikningur sem tilheyrði desember 2025		1.000.000	15.1.2026
	1.000.000	0	

Skuld	12-25	01-26	dags atb.
Áætluð óframkomin gjöld	-1.000.000	-1.000.000	31.12.2025
Bakfærsla á óframkomnum áætluðum gjöldum		1.000.000	1.1.2026
Raun reikningur sem tilheyrði desember 2025		-1.000.000	15.1.2026
	-1.000.000	-1.000.000	uppsöfnuð staða þar til greiðsla á sér stað